

49 jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem amtsúrskurðurinn er á byggður, og skal 27. maí hann því óraskaður standa.¹

50 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um*
29. maí **endurgjald á veittum sveitarstyrk.** — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 1. þ. m. hefi fengið skjöl og skilríki viðvíkjandi erindi hreppsnefndarinnar í Reyðarfjarðarhreppi, dags. 15. des., er jeg hafði sent yður til umsagnar, þar sem hreppsnefndin áfrýjar til mín úrskurði amtsins, dags. 22. jan. f. á., um endurgjald á sveitarstyrk, veittum Einari nokkrum Þorsteinssyni úr Vallnahreppi, veturinn 1886—1887, að því er snertir 44 kr. 40 aur., er hreppsnefndin telur eptir standa, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg verð að vera yður samdóma um, að hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hafi fyrirgjört rjetti til endurgjalds á nefndri upphæð, með því að það var að ástæðulausu látið fyrirfarast, að tilkynna styrkveitinguna, er byrjaði 6. desbr. 1886, til hlutaðeigandi framfærzluhrepps, þangað til 31. desbr. 1887, og skal úrskurður amtsins því óraskaður standa að því er hið umrædda atriði snertir.

1) Úrskurður amtmannsins er svo hljóðandi:

»Með þóknanlegu brjefi, dags. 25. f. m., hafid þjer, herra sýslumaður, sent mjer með áliti yðar erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Vindhælishreppi, dags. 10. maí þ. á., þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar, 20. nóvbr. f. á., sem ákveðið er með, að Ytri- og Fremri-Torfastadahreppar, er með úrskurði landshöfðingja 31. maí 1889 voru skyldaðir til að annast framfærslu Guðmundar nokkurs Magnússonar, og endurgjalda Vindhælishreppi áfallinn og áfallandi kostnað af framfærslu Guðmundar á meðan hann dveldi í Vindhælishreppi, skuli greiða sem ársmeðlög með nefndum Guðmundi 120 krónur árlega fardaga-árin 18⁸⁴/₈₅—18⁸⁹/₉₀, en hreppsnefndin í Vindhælishreppi hefur gjört reikning fyrir 140 króna meðlagi á ári, og sýnt, að hún eigi hafi getað komið fyrir ómaga þessum, sem er karlægt gamalmenni, fyrir minna meðlag.

Með því að jeg verð að álita, að krafa hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi, sem eins og nefndin tekur fram, eigi nemur meiru en 38 aurum á dag, fari eigi eptir kringumstæðum fram úr góðu hófi, og hún þar að auki hefur sýnt alla löglega vidleitni til þess að koma ómaganum niður fyrir sem minnst meðlag, — en 9. gr. fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834 veitir enga heimild til þess að skikka ómaga niður á hreppsþúa nauðuga, sbr. danska texta reglugjörðarinnar —, er hjer með fyrnefndum úrskurði yðar breytt á þann hátt, að hið árlega meðlag með Guðmundi Magnússyni skuli álitast hæfilega sett 140 krónur fyrir þau ár, sem spursmál er um, og er því kostnaðarreikningur hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi samþykktur í þessu tilliti.